



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 4 Dags. 8.6.2020

Fundarstaður: Végarður í Fljótsdal frá kl 10:00

Á fundinn mættu: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir uppsetning og birting þeirra
2. Kynning á vanhæfi samkvæmt opinberri stjórnýslu
3. Stjórnarmenn gera grein fyrir vanhæfni við yfirferð umsókna
4. Svör til umsækjenda og samningar
5. Fyrirkomulag úthlutunar í Snæfellsstofu
6. Formaður fer yfir vinnulag við yfirferð umsókna, matsblað og úthlutunarreglur
7. Yfirferð umsókna og afgreiðsla.
8. Önnur mál

Fundur settur af formanni

Formaður þakkar stjórnarmönnum fyrir vel unnin störf við að fara yfir umsóknir. Minnt á mikilvægi trúnaðar við meðhöndlun umsókna og úthlutun. Ef upp koma mál ber að vísa þeim til starfsmanns eða formanns stjórnar.

1. Fundargerðir uppsetning og birting þeirra

Samþykktar fundargerðir fara beint til sveitarstjórnans sem setur þær á vef hreppsins.

2. Kynning á vanhæfi samkvæmt opinberri stjórnýslu

Formaður fór yfir Stjórnýslulög nr 37/1993. Um sérstakt hæfi. II. kafli. 3. gr. Vanhæfisástæður.

3. Stjórnarmenn gera grein fyrir vanhæfi við yfirferð umsókna

Signý Ormarsdóttir gagnvart umsókn nr. 20

Jóhann F. Þórhallsson gagnvart umsóknum nr. 15, 16, 17 og 24.

Þórhallur Jóhannsson gagnvart umsóknum nr. 15, 16 og 17.

Arna Björg gagnvart umsóknum nr. 1, 6, 8, 13 og 14.

Stjórnarmenn sem vanhæfir eru víkja af fundi við yfirferð þessara umsókna.

4. Svör til umsækjenda og samningar

Farið yfir svarbréf og þau samþykkt ásamt fyrirkomulagi gagnvart samningum.

5. Fyrirkomulag úthlutunar í Snæfellsstofu

Farið yfir tillögu að framkvæmd úthlutunar 10. júní kl 17:00 og hún samþykkt.

6. Formaður fer yfir vinnulag við yfirferð umsókna, matsblað og úthlutunarreglur

Nefndarmenn komu sér saman um vinnulag við yfirferð umsókna.



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTS DAL

7. Yfirferð umsókna og afgreiðsla.

Fjöldi umsókna er bárust voru 34 í sjóðinn þar sem heildarkostnaður verkefnanna var 107.088.900 kr. og sótt um 43.463.050 kr. Fyrir fundinn höfðu stjórnarmenn fengið aðgang að umsóknum og lesið þær. Samhliða yfirlestri var einkunn út frá matsblaði færð inn í þar til gert exelskjal. Einkunnir voru sendar starfsmanni nokkrum dögum fyrir fund og hann vann síðan sameiginlega einkunn sem lögð var fram á fundinum. Formaður stýrði vinnu við yfirferð umsókna. Stjórnarmenn véku af fundi við umræðu um þær umsóknir sem þeir voru vanhæfir í.

Veittir verða 22 styrkir árið 2020 að upphæð 12. 884.000 kr.

8. Önnur mál

- Samþykkt að stjórnarmenn sendi starfsmanni minnispunkta og athugasemdir um matsferlið fyrir 20. júní 2020.
- Allir stjórnarmenn verða viðstaddir úthlutun styrkja í Snæfellsstofu 10. júní 2020.

Næsti fundur verður boðaður þegar þurfa þykir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:45.

Ásdís Helga ritaði.